

Sp.

1013. Skýrsla

[267. mál]

landbúnaðarráðherra um undirbúning að svæðabúmarki og fullvirðisrétti bænda, samkvæmt beiðni.

Óskað hefur verið skýrslu um undirbúning að svæðabúmarki og um fullvirðisrétt bænda. Óskað er mjög yfirgripsmikilla upplýsinga um einstök atriði, sem bæði er tímafrekt að afla og kostnaðarsamt að búa til birtingar. Með öllu er ógerlegt að sinna því verki til fullnustu með tiltæku starfslíði landbúnaðarráðuneytis, sem jafnhliða þarf að sinna öðrum verkum.

Hins vegar þykir rétt að birta skýrslu um þau atriði sem viðráðanleg eru og skipta meginmáli.

I.

Þegar eftir gildistöku búvörulaganna, hinn 1. júlí 1985, óskaði landbúnaðarráðherra eftir tillögum Stéttarsambands bænda og Framleiðsluráðs landbúnaðarins um skipan framleiðslustjórnar jafnframt því sem hafnar voru viðræður um framleiðslumagn það af mjólk og sauðfjárafurðum, sem ríkisvaldið tekur verðábyrgð á, sbr. 30. gr. téðra laga.

Samningum þeim lauk þann 28. ágúst 1985 með því að samið var til tveggja næstu verðlagsára um eftirgreint framleiðslumagn:

Verðlagsárið 1985/1986 107 000 þús. l. mjólk, 12 150 t. kindakjöt

Verðlagsárið 1986/1987 106 000 þús. l. mjólk, 11 800 t. kindakjöt

Magn sláturs og gæra sem ábyrgst er fullt grundvallarverð fyrir reiknast af heildarframleiðslu sem sama hlutfall og ábyrgst er af heildarframleiðslu kindakjöts.

Dagana 29.—31. ágúst var síðan haldinn aðalfundur Stéttarsambands bænda að Laugarvatni, þar sem aðalfundurinn samþykkti samninginn fyrir sitt leyti. Jafnframt gerði aðalfundurinn svohljóðandi samþykkt:

„Aðalfundur Stéttarsambands bænda haldinn að Laugarvatni 29.—31. ágúst 1985 leggur til, að því magni búvara (mjólkur og kindakjöts), sem samið hefur verið um fullt verð á við landbúnaðarráðherra fyrir næsta verðlagsár, verði skipt milli héraða miðað við heildarbúmark eins og það var í árslok 1980, lækkað hlutfallslega niður að umsömdu magni.

Áður verði leiðrétt vegna þeirra svæða sem höfðu heimild til að framleiða mjólk án verðskerðingar.

Ofangerð skipting framleiðsluréttar skerðir ekki áunnið búmark jarða þó þær séu án þessarar framleiðslu tímabundið. Að öðru leyti felur fundurinn stjórn Stéttarsambands bænda að vinna að nánari útfærslu þessara tillagna.“

Stéttarsamband bænda fól sérstakri nefnd að vinna úr ályktun þessari. Reyndist það vandsamt verk og tímafrekt. Nefndin kynnti landbúnaðarráðherra ýmsar hugmyndir, auk þess sem fulltrúar Stéttarsambandsins kynntu þær á almennum bændafundum.

Af hálfu ráðuneytisins var óskað eftir því að niðurstöður samninga um framleiðslumagn væru kynntar bændum rækilega, þannig að þeir gætu stefnt framleiðslumagn í átt til hins umsamda magns, sem hvað mjólk snerti var tæpum 4% minna en framleiðslumagn á síðasta framleiðsluári (1984/1985). Þótt haustið 1985 stefndi í ríkulega framleiðslu mjólkur töldu forystumenn bænda ekki rétt að grípa til sérstakra ráðstafana til þess að takmarka hana fyrr en með væntanlegri reglugerð um framleiðslustjórn, þar eð mjólkurframleiðendur hefðu undangengin ár verið hvattir til þess að auka mjólkurframleiðslu á vetrarmánuðum, og að líta mætti á aukninguna sem viðbrögð bænda við hvatningunni.

Endanlegar hugmyndir bændasamtakanna um skiptingu framleiðsluréttar bárust landbúnaðarráðuneytinu þann 16. desember 1985. Áður hafði ráðuneytið með bréfi dags. 5. desember ákveðið eftir samráð við Framleiðsluráð landbúnaðarins uppgjorsreglur vegna sauðfjárafurða á verðlagsárinu 1985/1986, svohljóðandi:

- „1. Greitt verði 15. desember 1985 fullt haustgrundvallarverð allra sláturafurða til framleiðenda á lögbýlum fyrir afurðir innlagðar á s.l. hausti.
2. Greiðsla til framleiðenda utan lögbýla fyrir afurðir sauðfjár haustið 1985 skal vera orðin 75% grundvallarverðs allra sláturafurða eigi síðar en 15. des. 1985.
3. Afurðastöðvar (sláturleyfishafar) skili til Framleiðsluráðs landbúnaðarins fyrir janúarlok skýrslum um uppgjör við framleiðendur skv. reglum þessum. Komi í ljós að ekki hafi verið farið eftir reglum þessum við uppgjórið, skal viðkomandi aðila gefinn skammur frestur (14 dagar) til að bæta úr því, en dugi það ekki verði teknar ákvarðanir um hvernig með verði farið.
4. Skerðingarfé sem eftir er þegar uppgjör hefur farið fram skv. tölulið 2 skal skilað til Framleiðsluráðs landbúnaðarins að loknu uppgjóri skv. tölulið 3 og því ráðstafað eftir því sem þarf til verðbóta á sauðfjárafurðir af framleiðslu 1985 er falla utan verðábyrgðar ríkissjóðs skv. samningi dags. 28. ágúst 1985, að teknu tilliti til greiðslna úr Framleiðnisjóði vegna fækkunar sauðfjár. Uppgjör sláturleyfishafa skv. þessum lið fari fram eigi síðar en í lok mars 1986.
5. Gerð verði skrá um þá aðila, sem samið hafa um búháttabreytingar og fækkað hafa fé af þeirri ástæðu, og einnig um aðra framleiðendur sem fækka verulega fjárstofni í haust. Framleiðnisjóði verði gerður reikningur fyrir andvirði þeirra sláturafurða, sem þessari fækkun fylgir, sbr. reglugerð um búháttabreytingar.
Fé sem þannig fæst greitt verði notað í útflutningsbætur á kjöti, sem er umfram umsamið magn, sbr. 4. lið og til lækkunar á verði birgða sem óseldar verða af framleiðslu þessa verðlagsárs 1. september 1986.“

Lágu þannig fyrir reglur um uppgjör sauðfjárafurða, svo áframhaldandi vinnu var beint að mjólkurframleiðslunni. Um sama leyti var ákveðið að vinna að reglugerð um stjórn mjólkurframleiðslunnar, sem gilda skyldi aðeins fyrir verðlagsárið 1985/1986, og í meginatriðum byggðist á niðurstöðum viðræðna við bændasamtökin og tölum, sem þar höfðu verið lagðar fram. Rík áhersla var lögð á að þessu verki yrði hraðað. Sem fyrr sagði bárust endanlegar tillögur bændasamtakanna þann 16. desember og hljóðuðu þær svo:

**„Tillögur svæðabúmarksnefndar framleiðsluráðs
um skiptingu framleiðsluréttar þess er felst í samningi milli landbúnaðarráðherra og
Stéttarsambands bænda um fullt verð fyrir ákveðið framleiðslumagn tiltekinna búvara:**

A: Milli landshluta með svæðabúmarki.

B: Milli einstakra framleiðenda með árlegum framleiðsluáætlunum.

A. Reglugerð verði sett um svæðabúmark er byggi á eftirtöldum atriðum:

I.

Landinu verði skipt í 30 búmarkssvæði. Persónubundin búmörk (búmörk utan lögbýla) verði undanskilin.

1. Gullbringusýsla ásamt Grindavík, Keflavík og Njarðvík.
2. Kjósarsýsla ásamt Reykjavík, Hafnarfirði, Kópavogi, Garðabæ og Seltjarnarnesi.
3. Borgarfjarðarsýsla utan Skarðsheiðar og Akranes.
4. Borgarfjarðarsýsla innan Skarðsheiðar.
5. Mýrasýsla.
6. Snæfellsnessýsla sunnan fjalls.
7. Snæfellsnessýsla norðan fjalls og Ólafsvík.
8. Dalasýsla.
9. Austur-Barðastrandarsýsla.
10. Vestur-Barðastrandarsýsla.
11. Vestur-Ísafjarðarsýsla.
12. Norður-Ísafjarðarsýsla, Ísafjörður og Bolungarvík.
13. Strandasýsla.
14. Vestur-Húnavatnssýsla.
15. Austur-Húnavatnssýsla.
16. Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókur og Siglufjörður.
17. Eyjafjarðarsýsla, Akureyri, Dalvík og Ólafsfjörður.
18. Suður-Þingeyjarsýsla vestan Ljósavatnsskarðs.
19. Suður-Þingeyjarsýsla austan Ljósavatnsskarðs og Húsavík.
20. Keldunes-, Öxarfjarðar-, Fjalla-, Presthóla- og Raufarhafnarhreppar í N-Þingeyjarsýslu.
21. Aðrir hreppar Norður-Þingeyjarsýslu.
22. Skeggjastaða- og Vopnafjarðarhreppar.
23. Norður-Múlasýslu að öðru leyti og Seyðisfjörður.
24. Hreppar í Suður-Múlasýslu á Héraði ásamt Helgustaða-, Reyðarfjarðar-, Búða- og Fáskrúðsfjarðarhreppum og Eskifirði.
25. Norðfjörður og Mjófjörður.
26. Stöðvarhreppur, Breiðdalshreppur, Beruneshreppur, Búlandshreppur og Geithellnahreppur.
27. Austur-Skaftafellssýsla.
28. Vestur-Skaftafellssýsla.
29. Rangárvallasýsla.
30. Árnessýsla og Selfoss.

II.

Búmarki verði skipt milli svæða á grundvelli eftirtalinna þátta, og í hverri búgrein fyrir sig:

1. Samanlagt jarðabúmark hvers svæðis í árslok 1980.
2. Samanlagt jarðabúmark hvers svæðis í árslok 1985, (sbr. þó síðustu málsgr. þessa liðar II).
3. Meðalframleiðsla hvers svæðis verðlagsárin 1982/1983, 1983/1984 og 1984/1985, þegar frá hefur verið dregin framleiðsla umfram búmark hjá einstökum bændum.

Hver þessara þátta vegi $\frac{1}{3}$, þannig að þessir þættir eru hver fyrir sig reiknaðir til sömu heildarstærðar fyrir landið allt (verðtryggingarsamnings) og síðan tekið meðaltal af hlut hvers svæðis í öllum þáttunum, og er það svæðisbúmarkið í þeirri búgrein.

Þær breytingar eru gerðar á umræddum grunnþáttum fyrir útreikning, að búmark vegna (heimanotaðrar) mjólkur í Strandasýslu, norðan Bæjarhrepps (sv. 13) og Norður-Þingeyjar-sýslu austan Jökulsár (sv. 20) er breytt í sauðfjárbúmark.

Réttur til að færa búmark milli búgreina verði eftirleiðis bundinn við breytingar innan svæðis, og réttur til að nýta ónotaðan rétt í annarri búgreininni á blönduðum búum vegna verðskerðingar í hinni fellur niður. Þess vegna skal heimilt að færa búmark milli greina hjá einstökum bændum og skipta áður óskiptu búmarki eftir nánari reglum er Framleiðsluráð setur um það, áður en skiptingu búmarks milli svæða er endanlega lokið.

III.

Framleiðslurétti á samningstíma verðtryggingarsamnings verði skipt milli svæða eftir svæðabúmarki, sbr. I og II., með eftirtöldum frávikum:

- a) Framleiðslurétti á 200 þús. l. mjólkur verði haldið eftir til að bæta við á svæði Mjólkursamlags Ísfirðinga.
- b) Framleiðslurétti á 95 tonnum kindakjöts verði haldið eftir á verðlagsárinu 1986/7 vegna framleiðenda utan lögbýla, er hafa persónubúmark.
- c) Engu svæði verði ætlaður meiri framleiðsluréttur í hvorri búgrein en nemur hæstu ársframleiðslu svæðisins þrjú síðustu verðlagsár.

Það sem ónotað verður af svæðabúmarki skv. þessu er heimilt að nota til að létta skerðingu hjá þeim svæðum er ella yrðu að draga mest saman framleiðslu á samningstímanum frá framleiðslu verðlagsársins 1984—1985.

IV.

Reglur um svæðabúmark ber að endurskoða á fjögurra ára fresti, þó fyrst fyrir upphaf verðlagsárs 1987—1988. Ekki er heimilt að færa svæðisbúmark milli svæða þess á milli, og því aðeins þá, að varanleg vöntun teljist á, að eitthvert svæði noti sinn framleiðslurétt.

Búmark sem menn afsala jörðum sínum vegna samninga um búháttabreytingar, dregst að hálfu frá viðkomandi svæðisbúmarki, en helst að hálfu sem búmarksvarasjóður á svæðinu, enda þótt það falli niður af jörðinni. Þó er heimilt, ef sérstök ástæða þykir til, að það haldist allt í svæðisbúmarkinu.

B. Um skiptingu framleiðsluréttar milli einstakra bænda — framleiðsluáætlanir:

1. Þegar einhverju svæði hefur verið úthlutað heildarframleiðslurétti í hvorri búgrein — mjólkurframleiðslu og kindakjötsframleiðslu — er fundið „fullvirðismark“ svæðisins í hvorri grein, en það er hinn ákveðni framleiðsluréttur sem hlutfall af samanlögðu jarðabúmarki í búgreininni á svæðinu. Liggi það fyrir, að búmark í greininni verði ekki notað á einhverjum jörðum á því verðlagsári sem um ræðir, skal slíkt ónotað búmark dregið frá heildar búmarki svæðisins við útreikning fullvirðismarksins og hækkar þá raunverulegt fullvirðismark sem því nemur.
2. Búmark jarða, eins og það er á hverjum tíma (skv. ákvörðun þar til bærra aðila), er grundvöllur að framleiðslurétti. Það er grundvallarregla, að hver bóndi eigi framleiðslurétt í hvorri búgrein, sem nemur fullvirðishlutfalli af búmarki jarðarinnar, eins og það er reiknað á hverju svæði. Réttur einstakra bænda til að framleiða á fullu verði umfram fullvirðishlutfall af búmarki sínu, byggist á því að aðrir framleiði minna en nemur fullvirðishlutfalli.
3. Til þess að finna að hve miklu leyti slíkt rými (sem getur í niðurlagi 2. greinar) er fyrir hendi, og hvaða magn hver og einn getur vænst að mega framleiða á fullu verði, skal gera framleiðsluáætlun fyrir alla framleiðendur á hverju búmarkssvæði, er byggð sé á búmarki jarðar og framleiðslu á síðasta ári, og gerð eftir svofelldri útreikningsaðferð:

1. Framleiðsla innan raunverulegs fullvirðismarks hvers svæðis verði öll greidd fullu verði, enda sé hún ekki umfram framleiðslu síðasta árs eða aukningu sem fyrirfram hefur verið heimiluð frá þeirri framleiðslu.
2. Sé framleiðsla umfram raunverulegt fullvirðismark og umfram framleiðslurétt svæðisins, skerðist það hlutfall hennar sem greitt er fullu verði og fer sú skerðing stighækkandi þeim mun meira sem framleiðslan fer yfir fullvirðismark.

Rétt er áður en framleiðsluáætlun er reiknuð, að taka frá nokkurn framleiðslurétt innan svæðis, er verið getur breytilegur eftir því sem þörf er talin á hverju svæði til að mæta þörf fyrir eftirtaldar leiðréttingar:

- a) að tryggja framleiðendum með búmarki innan 300 ærgilda fullt verð að búmarki, enda hafi þeir aðallífsframsæri sitt af þeirri framleiðslu,
 - b) til að mæta áætlunum um aukningu innan fullvirðismarks,
 - c) til að mæta öðrum óhjákvæmilegum leiðréttingum.
4. Áætlun um framleiðslurétt skv. lið 3 skal lögð fyrir framleiðendur. Þeim sem er áætluð framleiðsla neðan fullvirðismarks skal gerð grein fyrir því, að þeir eigi rétt til framleiðslu allt að fullvirðishlutfalli af búmarki sínu, en jafnframt settur frestur til að breyta áætluninni.

Sé það ekki gert og stutt rökum, gildir áætlunin sem framleiðsluréttur á verðlagsárinu. Þeim sem áætlaður er framleiðsluréttur ofan fullvirðismarks skal settur sami frestur til að óska breytinga, en jafnframt skal þeim gerð grein fyrir því, að réttur þeirra verði endanlega ákveðinn þegar fyrir liggur hvert rými er ónotað neðan fullvirðismarks annars staðar á svæðinu.

C. Í reglugerð um svæðabúmark þyrfti enn fremur að koma fram:

1. Að Framleiðsluráð hafi í umboði ráðherra yfirstjórn búmarksbreytinga innan svæða.
2. Að nefndir á vegum búnaðarsambanda fari með búmarkseftirlit á hverju svæði, geri áætlanir um framleiðslu og tillögur um búmarksbreytingar. Þær annist milligöngu milli yfirstjórnar búmarksmála og framleiðenda, og kynni báðum aðilum stöðu og horfur eftir föngum á hverjum tíma.
3. Að landbúnaðarráðuneytið beri kostnað af búmarksstjórn.

Reykjavík, 13. desember 1985.

Árni Jónasson.

Magnús Sigurðsson.

Þórarinn Þorvaldsson.“

Nokkurn tíma tók að færa tillögur þessar í búning reglugerðar, en því verki lauk 22. janúar 1986. Fór allmikill tími í mótun sérstakra reglna, sem tillögur bændasamtakanna tóku aðeins að litlu leyti til, svo sem reglum til að mæta þörfum nýrra framleiðenda, framleiðenda sem staðið höfðu í uppbyggingu o. fl. sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 37/1986. Fjöldmörg önnur framkvæmdaatriði reyndist nauðsynlegt að meta áður en reglugerðarsmið lauk. Þá kom í ljós, að tvö búnaðarsambönd, Bs. Snæfellinga og Bs. Austurlands, vildu nýta sér heimild c-liðar 30. gr. laga nr. 46/1985 og óskuðu breytinga á búmarkssvæðum frá þeirri tillögu sem bændasamtökin höfðu kynnt. Voru þær breytingar gerðar. Reglugerðin var síðan gefin út þannig hljóðandi: (Sjá fylgiskjal nr. 1).

Á grundvelli reglugerðarinnar um stjórn mjólkurframleiðslunnar verðlagsárið 1985—1986 reiknaði Framleiðsluráð landbúnaðarins út og kynnti fullvirðisrétt til mjólkurframleiðslu fyrir einstök búmarkssvæði og fyrir einstaka mjólkurframleiðendur.

Eftirfarandi tafla er yfirlit yfir niðurstöður þeirra útreikninga:

Mjólkurframleiðsla 1984/85 — Fullvirðisréttur 1985/86.

Búmarkssvæði	Framleiðsla 84/85			Fullvirðisréttur í mjólk 85/86 ærg./ltr.	
	innan búmarks ærg./ltr.	umf. búmark ærg./ltr.	alls ærg./ltr.		
01	241.0	1.2	242.2	241.0 + 0 ¹⁾	
	41.934	209	42.143	41.934	
02	9.793.4	117.9	9.911.3	9.793.0 + 120	
	1.704.052	20.515	1.724.566	1.703.982	
03	14.228.3	103.3	14.331.6	14.228.0 + 189	
	2.475.724	17.974	2.493.698	2.475.672	
04	18.251.4	241.7	18.493.1	18.251.0 + 120	
	3.175.744	42.056	3.217.799	3.175.674	
05	25.054.9	125.7	25.180.6	24.064.0 + 500	
	4.359.553	21.872	4.381.424	4.187.136	
06	17.773.1	122.1	17.895.2	17.773.0 + 1341	
	3.092.519	21.245	3.113.765	3.092.502	
07	10.167.1	275.9	10.443.0	9.806.0 + 192	
	1.769.075	48.007	1.817.082	1.706.244	
08	2.916.3	21.1	2.937.4	2.916.0 + 111	
	507.436	3.671	511.108	507.384	
09	4.482.7	539.8	5.022.5	4.391.0 + 393	
	779.990	93.925	873.915	764.034	
10	4.361.6	112.7	4.474.3	4.362.0 + 187	
	758.918	19.610	778.528	758.988	
11	4.010.1	179.8	4.189.9	4.101.0 + 141	
	697.757	31.285	729.043	697.740	
12	908.6	0.0	908.6	909.0 + 35	
	158.096	0.0	158.096	158.166	
13	14.958.8	259.5	15.218.3	14.177.0 + 258	
	2.602.831	45.153	2.647.984	2.466.798	
14	23.502.2	158.9	23.661.1	23.502.0 + 330	
	4.089.383	27.649	4.117.031	4.089.348	
15	51.663.4	276.0	51.939.4	48.615.0 + 851	
	8.989.432	48.024	9.037.456	8.459.010	
16	110.155.7	1.130.4	111.286.1	103.657.0 + 1105	
	19.167.092	196.690	19.363.781	18.036.318	
17	17.228.6	79.3	17.307.9	17.008.0 + 69	
	2.997.776	13.798	3.011.575	2.959.392	
18	37.449.2	424.1	37.873.3	36.282.0 + 872	
	6.516.161	73.793	6.589.954	6.313.068	
19	634.2	97.5	731.7	598.0 + 0	
	110.351	16.965	127.316	104.052	
20	1.480.4	95.4	1.575.8	1.473.0 + 0	
	257.590	16.600	274.189	256.302	
21	25.218.1	575.0	25.793.1	25.218.0 + 491	
	4.387.949	100.050	4.487.999	4.387.932	
22	9.712.2	365.3	10.077.5	9.139.0 + 303	
	1.689.923	63.562	1.753.485	1.590.186	
23	20.907.2	155.1	21.062.3	20.354.0 + 473	
	3.637.853	26.987	3.664.840	3.541.596	
24	85.634.0	311.9	85.945.9	81.815.0 + 704	
	14.900.316	54.271	14.954.587	14.235.810	
25	122.050.6	1.218.7	123.269.3	115.463.0 + 758	
	21.236.804	212.054	21.448.858	20.090.562	
	Alls ærg.	632.783.1	6.988.3	639.771.4	608.044.0 + 9543
	Alls ltr.	110.104.259	1.215.964	111.320.224	105.799.656

1) Viðauki skv. a-lið 2. tl. 5. gr. rg. nr. 37/1986.

Við úrvinnslu umsókna skv. a-lið 2. tl. 5. gr. reglugerðar nr. 37/1986 kom í ljós að fleiri uppfylltu skilyrði þessi en áætlað hafði verið við tillögugerð, og reyndist því frátekið magn, 1.000.000 lítrar, ekki nægilegt til að mæta þessum þörfum. Landbúnaðarráðherra ákvað því eftir samráð við stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, að fé yrði veitt úr sjóðnum til þess að greiða það mjólkurmagn, sem á milli bar, **660 þús. l.** þannig að mæta mætti þörfum þeirra mjólkurframleiðenda, sem framleiddu innan við 300 ærgildisafurðir í mjólk og sauðfjárafurðum verðlagsárið 1984/1985 og höfðu meirihluta tekna sinna af nautgripa- og sauðfjárrækt á árinu 1983 og 1984.

Þann 10. apríl s.l. var gefin út reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 37/1986 sbr. fylgiskjal II. Var hún sett til þess að liðka fyrir um ráðstöfun ónýtt fullvirðisréttar til mjólkurframleiðslu, þar sem m. a. er gert ráð fyrir að hann megi veita bændum sem hófu mjólkurframleiðslu til innleggs í afurðastöð 1. sept. 1985 eða síðar og til bænda, sem þurft hafa að auka mjólkurframleiðslu tímabundið vegna niðurskurðar sauðfjárhjarða sinna til útrýmingar riðuveiki eftir 1982.

Til frekari glöggvunar á þróun mjólkurframleiðslunnar í einstökum héruðum fylgja hér skýrslur um búmark í mjólk, mjólkurframleiðslu og verðskerðingu verðlagsárin 1983/1984, 1982/1983 og 1981/1982.

Búmark í mjólk og nýting hennar verðlagsárið 1983/84.

Sýslur/Kaupstaðir	Búmark í mjólk Ærgildi	Framleiðsla á lögbýli Ærgildi	Umfram í mjólk Ærgildi	Ónotað búmark Ærgildi	Nýting %	Verðskerðing með Fjöldi	Verðskerðing án Fjöldi
Reykjavík	100,0	41,4		58,6	41,40		2
Garðabær	957,0	89,4		867,6	9,34		3
Bessast./Mosfellssv.	1.128,0	795,2		332,8	70,49		4
Gullbringusýsla	748,0	235,8		512,2	31,52		6
Kjósarsýsla	12.585,0	8.495,1	108,6	4.198,5	67,50	3	32
Borgarfjarðarsýsla	44.108,0	33.249,1	249,8	11.108,7	75,38	20	99
Mýrasýsla	32.862,0	24.482,9	70,6	8.449,7	74,50	18	86
Snæfellsnessýsla	24.062,0	16.963,0	175,1	7.274,1	70,49	8	85
Dalásýsla	12.889,0	9.905,8	253,4	3.236,6	76,85	9	65
Ísafjörður	1.511,0	986,4	122,5	647,1	65,28		7
Bolungarvík	955,0	762,5		192,5	79,84		4
A.-Barðastrandarsýsla	4.258,0	2.698,3	26,4	1.586,1	63,37	1	29
V.-Barðastrandarsýsla	5.899,0	4.696,3	390,5	1.593,2	79,61		38
V.-Ísafjarðarsýsla	5.505,0	4.163,4	266,3	1.607,9	75,62		39
N.-Ísafjarðarsýsla	3.377,0	2.690,7	268,9	955,2	79,67		32
Strandasýsla	2.606,0	628,6		1.977,4	24,12		58
Siglufjörður	2,0			2,0			1
V.-Húnavatnssýsla	19.124,0	14.797,8	372,2	4.698,4	77,37	17	62
A.-Húnavatnssýsla	29.978,0	23.443,9	194,7	6.728,8	78,20	18	88
Skagafjarðarsýsla	62.655,0	48.736,0	742,9	14.661,9	77,78	34	170
Akureyri	1.312,0	726,9	10,6	595,7	55,40	2	2
Ólafsfjörður	919,0			919,0			4
Dalvík	2.538,0	1.821,8	39,1	755,3	71,78	1	5
Eyjafjarðarsýsla	126.194,0	108.644,6	1.321,4	18.870,8	86,09	90	136
S.-Þingeyjarsýsla	68.741,0	55.988,6	652,7	13.405,1	81,44	40	133
N.-Þingeyjarsýsla	2.472,0	2.157,1	151,0	465,9	87,26	1	17
N.-Múlasýsla	15.588,0	10.282,5	241,2	5.546,7	65,96	5	114
S.-Múlasýsla	22.270,0	14.270,7	625,2	8.624,5	64,08	8	124
A.-Skaftafellssýsla	13.094,0	9.906,2	316,9	3.504,7	75,65	10	57
V.-Skaftafellssýsla	27.483,0	21.951,1	235,7	5.767,6	79,87	18	96
Rangárvallasýsla	108.078,0	84.127,6	654,5	24.004,9	77,83	56	209
Árnessýsla	151.949,0	122.031,5	1.846,6	31.764,1	80,31	103	241
Alls	805.947,0	629.770,2	9.336,8	185.513,6	78,14		

Par af framleiðsla utan lögbýla 225,4 ærgildi, 0,03% af heild.

Umframframleiðsla af búmarki er 1,15%.

Umframframleiðsla af framleiðslu er 1,48%.

Fjöldi lögbýla með búmark 2.510.

Fjöldi lögbýla með verðskerðingu 462, 18,40%.

Fjöldi lögbýla án verðskerðingar 2.048, 81,60%.

Búmark í mjólk og nýting hennar verðlagsárið 1982/83.

Sýslur/Kaupstaðir	Búmark í mjólk Ærgildi	Framleiðsla á lögbýli Ærgildi	Umfram í mjólk Ærgildi	Ónotað búmark Ærgildi	Nýting %	Verðskerðing með Fjöldi	án Fjöldi
Reykjavík	100,0	66,4		33,6	66,40		2
Garðabær	939,0	258,2	0,4	681,2	27,49		3
Bessast./Mosfellssv.	1.128,0	871,7		256,3	77,27		4
Gullbringusýsla	748,0	279,8	26,0	494,2	37,40	1	5
Kjósarsýsla	11.283,0	6.994,9		4.288,1	61,99		33
Borgarfjarðarsýsla	41.885,0	32.400,3	205,8	9.690,5	77,35	6	113
Mýrasýsla	30.601,0	23.264,0	132,6	7.469,6	76,02	3	100
Snæfellsnessýsla	22.007,0	16.049,1	200,3	6.158,2	72,92	3	87
Dalásýsla	12.515,0	9.615,5	193,0	3.092,5	76,83	4	72
Ísafjörður	1.511,0	1.017,1	8,3	502,2	67,31		7
Bolungarvík	955,0	804,9		150,1	84,28		4
A.-Barðastrandarsýsla	3.996,0	2.527,2	18,5	1.487,3	63,24	2	30
V.-Barðastrandarsýsla	5.872,0	4.622,0	334,6	1.584,6	78,71		38
V.-Ísafjarðarsýsla	4.044,0	3.951,5	755,7	848,2	97,71		37
N.-Ísafjarðarsýsla	3.480,0	2.672,4	244,8	1.052,4	76,79		34
Strandasýsla	2.383,0	772,2		1.610,8	32,40		57
Siglufjörður	2,0			2,0			1
V.-Húnavatnssýsla	18.165,0	13.542,8	168,8	4.791,0	74,55	4	75
A.-Húnavatnssýsla	28.925,0	23.278,7	215,7	5.862,0	80,47	5	103
Skagafjarðarsýsla	57.487,0	46.235,1	246,1	11.498,0	80,42	6	193
Akureyri	1.297,0	679,2	1,4	619,2	52,36	1	3
Ólafsfjörður	1.365,0			1.365,0			5
Dalvík	2.415,0	1.872,2		542,8	77,52		5
Eyjafjarðarsýsla	122.123,0	104.174,3	1.297,2	19.245,9	85,38	29	192
S.-Þingeyjarsýsla	66.087,0	57.495,9	1.265,4	9.856,5	87,00	24	149
N.-Þingeyjarsýsla	2.445,0	2.230,3	223,1	437,8	91,21	1	18
N.-Múlasýsla	13.702,0	9.743,7	272,9	4.021,2	71,04	3	125
S.-Múlasýsla	20.260,0	14.452,9	1.063,2	6.870,3	71,33	6	129
A.-Skaftafellssýsla	12.634,0	9.621,7	277,7	3.290,0	76,15	3	63
V.-Skaftafellssýsla	26.173,0	20.477,9	273,7	5.968,8	78,24	6	107
Rangárvallasýsla	102.941,0	81.947,3	607,5	21.601,2	79,64	15	250
Árnessýsla	144.123,0	116.383,1	1.920,8	29.660,7	80,75	30	311
Alls	763.631,0	608.302,3	10.274,2	165.602,9	79,65		

Framleiðsla utan lögbýla, þar af 542,6 ærgildi, 0,08% af heild.

Umframframleiðsla af búmarki er 1,34%.

Umframframleiðsla af framleiðslu er 1,68%.

Fjöldi lögbýla með búmark 2.506.

Fjöldi lögbýla með verðskerðingu 151, 6,02%.

Fjöldi lögbýla án verðskerðingar 2.355, 93,97%.

Búmark í mjólk og nýting hennar verðlagsárið 1981/82.

Sýslur/Kaupstaðir	Búmark í mjólk Ærgildi	Framleiðsla á lögbýli Ærgildi	Umfram í mjólk Ærgildi	Ónotað búmark Ærgildi	Nýting %	Verðskerðing með Fjöldi	Verðskerðing án Fjöldi
Reykjavík	100	56,9		43,1	56,90		2
Garðabær	939	654,7	26,2	310,5	69,72	1	2
Bessast./Mosfellssv.	1.128	880,7		247,3	78,07		4
Gullbringusýsla	748	291,7	0,4	456,7	38,99	1	5
Kjósarsýsla	10.886	7.733,2	79,5	3.232,3	71,03	3	29
Borgarfjarðarsýsla	41.602	33.043,9	256,1	8.814,2	79,42	8	116
Mýrasýsla	29.533	23.171,0	213,2	6.575,2	78,45	7	97
Snæfellsnessýsla	20.680	15.935,2	298,7	5.043,5	77,05	2	88
Dalasýsla	11.452	8.926,7	248,0	2.773,3	77,94	3	77
Ísafjörður	1.511	982,1		528,9	64,99		7
Bolungarvík	955	755,5		199,5	79,10		4
A.-Barðastrandarsýsla	3.477	2.239,7	17,0	1.254,3	64,41	1	31
V.-Barðastrandarsýsla	5.812	4.287,1	194,7	1.719,6	73,76		38
V.-Ísafjarðarsýsla	4.123	3.287,8	225,7	1.060,9	79,74		38
N.-Ísafjarðarsýsla	3.480	2.592,5	179,9	1.067,4	74,49		34
Strandasýsla	2.323	800,4		1.522,6	34,45		58
Síglufjörður	2			2,0			1
V.-Húnavatnssýsla	17.773	13.450,3	258,8	4.581,5	75,67	4	79
A.-Húnavatnssýsla	28.454	22.171,9	180,2	6.462,3	77,92	2	105
Skagafjarðarsýsla	56.586	42.297,0	127,5	14.416,5	74,74	6	193
Akureyri	1.297	614,0		683,0	47,34		4
Ólafsfjörður	1.365	219,1		1.145,9	16,05		5
Dalvík	2.415	1.812,5		602,5	75,05		5
Eyjafjarðarsýsla	119.215	101.026,1	792,2	18.981,1	84,74	14	209
S.-Þingeyjarsýsla	66.067	54.469,9	725,2	12.322,3	82,44	6	173
N.-Þingeyjarsýsla	2.481	1.931,4	20,6	570,2	77,84	1	20
N.-Múlasýsla	12.923	8.915,5	93,8	4.101,3	68,98	2	136
S.-Múlasýsla	18.532	13.546,6	850,5	5.835,9	73,09	3	131
A.-Skaftafellssýsla	12.145	9.437,1	264,6	2.972,5	77,70	7	61
V.-Skaftafellssýsla	25.576	21.232,2	435,8	4.779,6	83,01	8	106
Rangárvallasýsla	99.815	84.446,5	736,0	16.104,5	84,60	22	241
Árnessýsla	140.486	117.101,5	1.081,1	24.465,6	83,35	33	309
Alls	743.881	598.310,7	7.305,7	152.876,0	80,43		

Framleiðsla utan lögbýla, þar af 808,8 ærgildi, 0,13% af heild.

Umframframleiðsla af búmarki er 0,98%.

Umframframleiðsla af framleiðslu er 1,22%.

Fjöldi lögbýla með búmark 2.542.

Fjöldi lögbýla með verðskerðingu 134, 5,27%.

Fjöldi lögbýla án verðskerðingar 2.408, 94,72%.

II.

Ráðuneytið hefur ekki tiltækar upplýsingar um endanlegan fullvirðisrétt einstakra mjólkurframleiðnda, þar sem þessa dagana hafa verið að berast Framleiðsluráði landbúnaðarins ákvarðanir einstakra búnaðarsambanda um hin svonefndu „fimmprósent“ framleiðslumagns, sbr. 7. gr. rg. nr. 37/1986. Til athugunar er hjá tölvunefnd, hvort edlilegt sé að birta á opinberum vettvangi tölur um framleiðslu búvara hjá einstökum framleiðendum, sem og búmörk þeirra. Þá eru engar tölur til hjá ráðuneytinu um stærðardreifingu búmarkshafa, en öll slík gögn sem og um framleiðslumagn hjá einstökum framleiðendum, eru tiltæk hjá Framleiðsluráði landbúnaðarins.

Skýrslubeiðendur óska upplýsinga um áætlaða tekjuskerðingu einstakra mjólkurframleiðenda miðað við mismun á meðalframleiðslu udanfarinna þriggja verðlagsára og þeim fullvirðisrétti sem þeim hefur verið úthlutað á grundvelli reglugerðar nr. 37/1986. Slíkar upplýsingar getur ráðuneytið ekki gefið, sbr. 1. mgr. þessa kafla. Almennt skal þó bent á að verðlagsárið 1985/1986 er mjólkurframleiðendum tryggt fullt grundvallarverð fyrir 107,66 millj. lítra mjólkur. Er þá meðtalin sú aukning sem heimiluð var með fjárstuðningi úr Framleiðnisjóði landbúnaðarins og áður var greint frá. Meðalmjólkurframleiðsla síðustu þriggja verðlagsára var 108,92 millj. l. Þá reyndist nauðsynlegt að innheimta verðskerðingargjöld, auk þess sem mjólkurverð greiddist bændum hægar þá en nú eftir gildistöku búvörulaganna. Tekjuskerðingu mjólkurframleiðenda sem heildar vegna þess mismunar, sem að framan er til tekinn, er því ekki um að ræða.

III.

Undirbúningur að reglugerð um framleiðslu mjólkur og sauðfjárafurða næstu verðlagsár er nú þegar í fullum gangi. Sem fyrr og lögum samkvæmt hefur ráðuneytið leitað tillagna bændasamtakanna þar að lútandi. Fyrstu tillögur um framleiðslustjórn verða teknar til umræðu á kjörmannafundum Stéttarsambands bænda, sem haldnir verða í lok aprílmánaðar og byrjun maí um allt land. Tillögur þessar eru m. a. byggðar á umfangsmikilli skoðanakönnun á meðal kjörmannanna og stjórnna búnaðarfélaganna í landinu. Varð almenn þátttaka (80%) í þeirri könnun.

Fyrirhugað er, að tillögur að reglugerð verði tilbúnað til umræðu á aðalfundi Stéttarsambands bænda, sem haldinn verður í júníbyrjun n. k. og er flýtt um tvo mánuði vegna þessarar mikilvægu tillögugerðar. Þá er reiknað með að fullvirðismark einstakra svæða og einstakra bænda fyrir næsta verðlagsár verði tilbúið á miðju komandi sumri.

Tillögurnar miðast sem áður sagði einnig við fullvirðisrétt í sauðfjárafurðum. Á liðnu hausti reyndist algert samræmi vera á milli þess kindakjötsmagns sem til afurðastöðva kom og samið hafði verið um í samningum ríkis og bænda. Því reyndist unnt að greiða allt móttakið kindakjöt frá bændum fullu verði, svo ekki kom til sérstakra reglna um fullvirðismark í afurð þessari, sbr. I. kafla skýrslunnar. Á þessu stigi er ekki að fullu séð, hvort sömu aðferð megi viðhafa við uppgjör sláturafurða sauðfjár haustið 1986.

Við stjórn framleiðslunnar er að litlu leyti tekið sérstakt tillit til landkosta á einstökum svæðum og jörðum. Hins vegar hefur verið tekið tillit til þessara sjónarmiða við lánveitingar til nýbygginga á liðnum árum, þannig að landnýtingarsjónarmið hafa að nokkru ráðið við nýfjárfestingu. Búvörulögin heimila að tillit sé tekið til landkosta og af hálfu landbúnaðar-ráðuneytisins er áhugi á að gera það. Á hinn bóginn tekur slík aðlögun nokkurn tíma, þar eð við framleiðslubreytingar þarf einnig að taka tillit til fjárfestinga, sem fyrir eru á einstökum bújörðum, svo og í afurðastöðvum einstakra framleiðslusvæða.

Á sama hátt þarf að taka tillit til markaðanna. Með 1. tl. 5. gr. reglugerðar nr. 37/1986 var tekið tillit til þeirra, er sérstökum fullvirðisrétti var úthlutað til mjólkurframleiðslusvæðis Ísafjarðar til þess að mæta markaðspörf þar. Ráðuneytið athugar nú, hvort þörf sé á hliðstæðum ráðstöfunum í öðrum byggðarlögum, er stuðlað geti að hagkvæmari framleiðslu, vinnslu og dreifingu mjólkur.

IV.

Landbúnaðarráðuneytið óskaði veturinn 1984 eftir því við Framkvæmdastofnun ríkisins að hún gerði svo fljótt sem kostur væri yfirlit yfir atvinnumöguleika í sveitum landsins. Var ætlast til að áætlunin yrði byggð á gögnum sem tiltæk væru, m. a. vegna landshlutaáætlana, og að tekið væri tillit til staðhátta og landkosta. Sem liður í þessu verki var skýrsla byggðadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins **Atvinna í dreifbýli**, sem út var gefin í ágúst 1985. Verkinu er haldið áfram með aðild ráðuneytis, Landshlutasamtaka sveitarfélaga og Stéttarsambands bænda, en þegar eftir stofnun Byggðastofnunar leitaði ráðuneytið til hennar um áframhaldandi starf að þessu viðfangsefni.

Að tilhlutan landbúnaðarráðherra, sem óskaði aðstoðar Byggðastofnunar við endurskoðun fyrri áætlana um uppbyggingu loðdýraræktar í landinu, skipaði stofnunin starfshóp, er gera á tillögur um það, hvað hið opinbera eigi að gera og geti gert til að styðja þessa atvinnugrein til eðlilegs vaxtar og arðbærs rekstrar. Verður við það miðað að tillögur hópsins verði grundvöllur samræmdrar stefnu í aðgerðum hinna ýmsu opinberu aðila er gegna hlutverki varðandi loðdýrarækt. Er þetta verk nú vel á veg komið.

Loks er þess að geta að úr Framleiðnisjóði landbúnaðarins hefur verið veitt fé til athugunar á landbúnaði í nokkrum byggðum á vegum búnaðarsamtaka á Norðurlandi. Athugunin er sérstaklega gerð með tilliti til þeirra breytinga, sem nú ganga yfir í hefðbundnum búgreinum. Hér er um eins konar tilraun að ræða, en vonir eru bundnar við að niðurstöður hennar og hliðstæðra athugana geti orðið stjórnvöldum, bændsamtökum og sveitarfélögum til mikils stuðnings á leið þeirra til breyttra atvinnuhátta. Hvað landbúnaðinn snertir eru sérstakar vonir bundnar við að slíkar athuganir geti orðið mikilvægar við töku ákvarðana um framleiðslustjórn og ekki síður ráðstöfun fjármagns til nýrra atvinnugreina í dreifbýli, sem búvörulögin gera ráð fyrir, að Framleiðnisjóður landbúnaðarins hafi með höndum.

Reglugerð

um stjórn mjólkurframleiðslunnar verðlagsárið 1985–1986.

1. gr.

Merking orða er í reglugerð þessari sem hér segir:

Mjólkurframleiðandi er hver sá, sem á eigin vegum hefur með höndum mjólkurframleiðslu til afhendingar í afurðastöð, hvort sem er einstaklingur, lögaðili, aðili að félagsbúi eða ríkisbú.

Búmark er viðmiðunartala afurðaeininga, sem ákveðin er með reglugerð nr. 465/1983 og skv. lögum nr. 46. 27. júní 1985.

Fullvirðismark mjólkur er það hlutfall af búmarki í mjólk, sem búmarkssvæði er reiknað á grundvelli samnings skv. a-lið 30. gr. l. nr. 47. 27. júní 1985.

Fullvirðisréttur er það framleiðslumagn, sem framleiðandi afhendir til sölu í afurðastöð og honum er ábyrgt fullt verð fyrir skv. reglugerð þessari.

Ærgildisafurð er afurðaeining. Ein ærgildisafurð telst vera 16,8 kg af dilkakjöti og tilsvarandi verðmæti í kjöti af fullorðnu fé, eða 174 lítrar af mjólk.

2. gr.

Ákvæði þessarar reglugerðar miðast við verðlagsárið 1985–1986, þ. e. tímabilið 1. september 1985 til 31. ágúst 1986. Á því tímabili skulu mjólkurframleiðendur fá greitt fullt grundvallarverð fyrir 107 000 000 — eitt hundrað og sjö milljónir — lítra mjólkur, eins og verðið er ákveðið af verðlagsnefnd búvara á hverju verðtímabili. Miðað er við innvegna mjólk til mjólkurbúa, sem skipt er á milli mjólkurframleiðenda eftir ákvæðum þessarar reglugerðar.

3. gr.

Heildarfullvirðisrétti mjólkur skv. 2. gr. skal skipt á milli mjólkurframleiðenda í tveimur áföngum. Í fyrsta lagi skal honum skipt niður á einstök héruð, svonefnd búmarkssvæði, sbr. 4. gr. Í öðru lagi skal fullvirðisrétti hvers búmarkssvæðis skipt á milli einstakra framleiðenda á lögbýlum á hverju svæði, sbr. 6. gr. þessarar reglugerðar.

Framleiðsluráð landbúnaðarins reiknar út fullvirðismark, svo og fullvirðisrétt fyrir mjólkurframleiðendur og heldur skrá um hann. Framleiðsluráð landbúnaðarins lætur afurðastöðvum í té afrit af skrá yfir fullvirðisrétt mjólkurframleiðenda á starfssvæði viðkomandi afurðastöðvar.

Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur með höndum öflun upplýsinga og útreikninga vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar, svo og eftirlit með uppgjöri afurðastöðva við mjólkurframleiðendur. Afurðastöðvum er skylt að láta Framleiðsluráði í té allar þær upplýsingar sem að gagni geta komið við störf þess og þær geta veitt.

4. gr.

Búmarkssvæði eru þessi:

Svæði nr.:

1. Gullbringusýsla, Grindavík, Keflavík og Njarðvík.
2. Kjósarsýsla, Reykjavík, Hafnarfjörður, Kópavogur, Garðabær og Seltjarnarnes.
3. Borgarfjarðarsýsla utan Skarðsheiðar og Akranes.
4. Borgarfjarðarsýsla innan Skarðsheiðar.
5. Mýrasýsla.
6. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla og Ólafsvík.
7. Dalasýsla.
8. Austur-Barðarstrandarsýsla.
9. Vestur-Barðarstrandarsýsla.
10. Vestur-Ísafjarðarsýsla.
11. Norður-Ísafjarðarsýsla, Ísafjörður og Bolungarvík.
12. Strandasýsla.
13. Vestur-Húnavatnssýsla.
14. Austur-Húnavatnssýsla.
15. Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókur og Siglufjörður.
16. Eyjafjarðarsýsla, Akureyri, Dalvík og Ólafsfjörður.
17. Suður-Pingeyjarsýsla vestan Ljósavatnsskarðs.
18. Suður-Pingeyjarsýsla austan Ljósavatnsskarðs og Húsavík.
19. Keldunes-, Óxarfjarðar-, Fjalla-, Presthóla-, og Raufarhafnarhreppar í Norður-Pingeyjarsýslu.
20. Aðrir hreppar í Norður-Pingeyjarsýslu.
21. Norður- og Suður-Múlasýslur, Seyðisfjörður, Neskaupstaður og Eskifjörður.
22. Austur-Skaftafellssýsla.
23. Vestur-Skaftafellssýsla.
24. Rangárvallasýsla.
25. Árnessýsla og Selfoss.

5. gr.

Fullvirðisréttur búmarkssvæðis fyrir mjólk verðlagsárið 1985/1986 skal fundinn þannig:

- a) Heildarbúmarki hvers svæðis í mjólk og sauðfjárafurðum 31. desember 1980 skal skipt á milli mjólkur og sauðfjárafurða í hlutföllum sem giltu á milli þessara búgreina í búmarki eins og það var 31. ágúst 1985.
- b) Sú tala ærgildisafurða í mjólk sem reiknast á þennan hátt, er tvígild á móti meðalframleiðslu mjólkur innan búmarks á svæðinu verðlagsárin 1982/1983, 1983/1984 og 1984/1985, sem reiknast eingild. Meðaltal þessara tveggja þátta, svo sem segir hér að framan, myndar fullvirðisrétt hvers svæðis, sem þó getur ekki orðið meiri en mjólkurframleiðsla á svæðinu innan búmarks verðlagsárið 1984/1985, sbr. þó ákvæði 1. og 2. töluliðar þessarar greinar. Þann fullvirðisrétt sem reiknast hverju svæði og er umfram mjólkurframleiðslu þess verðlagsárið 1984/1985 skal færa til þeirra svæða þar sem samdráttur framleiðslu er mestur, með hliðstæðum hætti og segi í b-lið 2. tl. þessarar greinar.

Áður en heildarfullvirðisrétti skv. 2. gr. er skipt á milli einstakra búmarkssvæða, skal draga frá honum 1 200 000 lítra mjólkur og ráðstafa sérstaklega með neðangreindum hætti:

1. 200 000 lítrum skipt á milli mjólkurframleiðenda á búmarkssvæðum nr. 10 og 11. Búnaðarsamband Vestfjarða ákveður skiptingu þessa eigi síðar en 1. apríl 1986 í samræmi við ákvæði 10. gr.
Rísi ágreiningur um þá ákvörðun skal honum vísað til nefndar sem skipuð er skv. 31. gr. l. nr. 45/1985.

2. 1 000 000 lítrum skal úthlutað þannig:

- a) Þeir mjólkurframleiðendur sem framleiddu innan við 300 ærgildisafurðir í mjólk og sauðfjárafurðum verðlagsárið 1984/1985 og höfðu meirihluta tekna sinna af nautgripa- og sauðfjárrækt á árunum 1983 og 1984, skulu eiga kost á sérstakri aukningu fullvirðisréttar, þannig að fullvirðisréttur þeirra í mjólk innan búmarks, að viðbættri framleiðslu sauðfjárafurða verðlagsárið 1985/1986, nemi allt að 300 ærgildisafurðum. Þeir framleiðendur sem óska eftir auknum fullvirðisrétti skv. þessari málsgrein skulu sækja um það til Framleiðsluráðs landbúnaðarins eigi síðar en 25. febrúar 1986.
- b) Eftir að fullvirðisréttur allra búmarkssvæða hefur verið reiknaður skv. a- og b-lið 1. mgr. að viðbættum rétti skv. 2. tl. þessarar greinar, skal óráðstöfuðum rétti skv. 2. töluliði úthlutað þeim svæðum, sem mesta framleiðsluskerðingu í mjólk hafa miðað við framleiðslu innan búmarks verðlagsárið 1984/1985, þannig að framleiðslusamdráttur verði 5% miðað við framleiðslu mjólkur innan búmarks á svæðinu verðlagsárið 1984/1985 eða önnur hærri hlutfallstala, nægi hinn óráðstafaði fullvirðisréttur ekki.
- c) Þeim fullvirðisrétti sem þá kann enn að vera óráðstafað, skal jafna á öll búmarkssvæðin, að undanskildum svæðum nr. 10 og 11, í hlutfalli við fullvirðisrétt þeirra að meðtalinni aukningu skv. b-lið 2. tl. þessarar greinar.

Fullvirðismark svæðis er fullvirðisréttur þess samkvæmt þessari grein að frátöldum 1. og 2. tölulið reiknað sem hlutfall af samanlögðu mjólkurbúmarki þeirra, er mjólkurframleiðslu höfðu á viðkomandi svæði verðlagsárið 1984/1985.

6. gr.

Fullvirðisréttur mjólkurframleiðanda verðlagsárið 1985/1986 er margfeldi búmarks hans og fullvirðismarks viðkomandi svæðis, reiknaður í ærgildisafurðum, sbr. þó 7. gr., með eftirtöldum frávikum:

- a. Engum framleiðanda skal reiknaður fullvirðisréttur umfram mjólkurframleiðslu hans innan búmarks verðlagsárið 1984/1985.
- b. Ef reiknaður fullvirðisréttur einstakra framleiðenda er undir fullvirðismarki viðkomandi svæðis, skal þeim ónýtt fullvirðisrétti úthlutað til þeirra framleiðenda á sama svæði, sem framleiddu meiri mjólk verðlagsárið 1984/1985 en tilvarar fullvirðismarki þeirra. Hafi framleiðsla búmarkssvæðis verðlagsárið 1984/1985 verið meiri en sem nemur reiknuðum fullvirðisrétti svæðisins, skal samdrátturinn koma á framleiðslu umfram fullvirðismark og vera hlutfallslega hækkandi allt að búmarki.
- c. Hafi framleiðsla svæðis verðlagsárið 1984/1985 verið minni eða jöfn reiknuðum fullvirðisrétti svæðisins, skal úthluta framleiðendum á svæðinu fullvirðisrétti sem er jafn og framleiðsla þeirra á mjólk innan búmarks verðlagsárið 1984/1985.

Framleiðanda er óheimilt að framselja fullvirðisrétt sinn til annars aðila eða leggja mjólk inn í afurðastöð á fullvirðisrétti annars mjólkurframleiðanda.

7. gr.

Við útreikning fullvirðisréttar skv. 6. gr. skal halda eftir 5% af fullvirðisrétti hvers búmarkssvæðis. Fullvirðisrétti, sem þannig fellur til á hverju búmarkssvæði, skal ráðstafað þannig:

- a. til leiðréttinga á útreiknuðum fullvirðisrétti, sem nauðsynlegar kunna að reynast skv. 8. gr.
- b. síðan til þeirra mjólkurframleiðenda á viðkomandi svæði, sem falla undir ákvæði 10. gr.
- c. þeim fullvirðisrétti sem þá kann enn að vera óráðstafað skal skipt á milli mjólkurframleiðenda á svæðinu í samræmi við ákvæði 6. gr.

8. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal tilkynna mjólkurframleiðendum fullvirðisrétt þeirra skv. 6. gr. fyrir 1. febrúar 1986. Þeir eiga þess kost að gera athugasemdir við hann og skulu þær berast Framleiðsluráði landbúnaðarins fyrir 1. mars 1986 ella gildir hann fyrir verðlagsárið 1985–1986. Framleiðsluráð endurskoðar útreikninga, sem athugasemdir eru gerðar við og tilkynnir viðkomandi framleiðanda úrskurð sinn.

Berist Framleiðsluráði ekki athugasemdir innan 25 daga frá dagsetningu úrskurðarins, gildir hann fyrir verðlagsárið 1985–1986. Uni viðkomandi framleiðandi ekki þeim úrskurði, hefur hann rétt til að skjóta ágreiningnum til nefndar sem skipuð er skv. 31. gr. l. nr. 46/1985. Skal nefndin fella úrskurð sinn innan 30 daga frá því erindið berst henni.

9. gr.

Nýti framleiðandi ekki fullvirðisrétt sinn skv. reglugerð þessari skal hinn ónýtti réttur koma til viðbótar fullvirðisrétti einstakra framleiðenda við uppgjör mjólkurframleiðslu á viðkomandi svæði verðlagsárið 1985–1986 í þessari röð:

- a. til þeirra framleiðenda á hverju svæði er fengu fullvirðisrétt skv. 6. gr. sem svarar til minna en fullvirðismarks, skipt hlutfallslega á milli þeirra upp að fullvirðismarki.
- b. til mjólkurframleiðenda á svæðinu, skipt hlutfallslega á milli þeirra, allt að búmarki þeirra í mjólk.
- c. til annarra svæða, að fenginni staðfestingu landbúnaðarráðherra, og skal þeim rétti skipt skv. ákvæðum þessarar greinar.

10. gr.

Heimilt er að veita þeim mjólkurframleiðendum, sem uppfylla skilyrði einhverra eftirtalinna töluliða, aukningu fullvirðisréttar til mjólkurframleiðslu verðlagsárið 1985/1986 sbr. 1. tl. 2. mgr. 5. gr. og b-lið 7. gr.

1. a) að viðkomandi hafi haft búmark í mjólk og/eða sauðfjárafurðum skv. skrá Framleiðsluráðs landsbúnaðarins 31. ágúst 1985.
 - b) að viðkomandi hafi hafið mjólkurframleiðslu og afhent í afurðastöð á tímabilinu 1. september 1983 til 31. ágúst 1985 eða tekið í notkun nýtt fjós, stækkað fjós eða endurnýjað að meirihluta, eftir 1. september 1983, eða stofnað til félagsbús eftir 1. janúar 1983 með samningi sem hlotið hefur samþykki Landnáms ríkisins eða landbúnaðarráðuneytisins, sbr. nú jarðalög nr. 65/1976 með síðari breytingum.
 - c) að viðkomandi hafi fullvirðisrétt skv. 6. gr., sem er minni en 500 ærgildisafurðir eða minni en 450 ærgildisafurðir á hvern aðila að félagsbúi, enda hafi þeir meirihluta tekna sinna af búinu.
2. Þeim sem orðið hafa fyrir einstaklingsbundnum áföllum í mjólkurframleiðslu, svo sem vegna búfjársjúkdóma og annarra orsaka, sem sannanlega hafa leitt til a. m. k. 10% samdráttar í mjólkurframleiðslu verðlagsárið 1984/1985, samanborið við mjólkurframleiðslu verðlagsárin 1982/1983 og 1983/1984.
 3. Þeim, sem hafa nýtt sér rétt til færslu búmarks úr sauðfjárafurðum til mjólkur verðlagsárin 1982/1983 og 1983/1984. Sú heimild má nema allt að 10% af búmarki viðkomandi í sauðfjárafurðum skv. búmarksskrá 31. ágúst 1985, enda nýti hann ekki búmark sitt sem því nemur vegna framleiðslu sauðfjárafurða á verðlagsárinu 1985/1986.
 4. Þeim, sem reiknaður hefur verið fullvirðisréttur innan fullvirðismarks jafn mjólkurframleiðslu þeirra verðlagsárið 1984/1985, sbr. a-lið 6. gr., er heimilt að veita allt að 10% aukningu fullvirðisréttar.

Viðkomandi búnaðarsambandi er heimilt að veita þeim framleiðendum aukinn fullvirðisrétt til mjólkurframleiðslu skv. þessari grein, sem um það sækja og uppfylla ofangreind skilyrði. Umsókn þar um skal send búnaðarsambandi fyrir 10. mars 1986, studd

staðfestum upplýsingum. Samþykki búnaðarsambands fyrir því að umsækjanda verði veittur aukinn fullvirðisréttur og þá hve mikill skal sent Framleiðsluráði landbúnaðarins fyrir 1. apríl 1986. Búnaðarsambandi er heimilt að fela Framleiðsluráði landbúnaðarins að annast fyrir sína hönd framangreinda veitingu á auknum fullvirðisrétti á grundvelli tillagna sem sambandið gerir til Framleiðsluráðs fyrir sama tíma. Framleiðsluráð skal taka ákvörðun þar um fyrir 15. apríl 1986.

Framleiðsluráð tilkynnir framleiðanda um breytingu á fullvirðisrétti skv. þessari grein. Fer um gildi þeirra tilkynninga og úrlausn ágreinings er rísa kann vegna ákvæða þessarar greinar eftir 2. mgr. 8. gr.

Að jafnaði skal ekki úthluta framleiðanda sem sækir um aukningu fullvirðisréttar samkvæmt þessari grein og uppfyllir ofangreind skilyrði meira en 100 ærgildisafurða viðbótarframleiðslurétti. Heimilt er að hækka eða lækka þessa tölu til samræmis við fjölda umsækjenda, er áður nefnd skilyrði uppfylla og þann fullvirðisrétt sem til ráðstöfunar er og viðkomandi búnaðarsamband óskar eftir að nýta.

11. gr.

Á tímabilinu 1. september 1985 - 31. ágúst 1986 er ekki heimilt að úthluta nýjum búmörkum vegna mjólkurframleiðslu eða heimila stækkun búmarks á grundvelli reglugerðar nr. 465/1983.

12. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 59. gr. laga nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 22. janúar 1986.

Jón Helgason.

Guðmundur Sigþórsson.

Reglugerð

um breytingu á reglugerð nr. 37 22. janúar 1986 um stjórn mjólkurframleiðslunnar verðlagsárið 1985—1986.

1. gr.

Við 9. gr. bætist ný málsgrein, sem verði 1. mgr. hennar, svohljóðandi:

Búnaðarsambandi er heimilt að leita eftir skriflegri staðfestingu mjólkurframleiðanda sem hættir eða dregur svo úr mjólkurframleiðslu, að hann nýtir ekki að fullu fullvirðisrétt sinn í mjólk á verðlagsárinu 1985/86. Að fenginni slíkri staðfestingu úthlutar búnaðarsambandið þessum ónýtta fullvirðisrétti til aðila innan sama svæðis, sem hófu mjólkurframleiðslu til innleggs í afurðastöð eftir 31. ágúst 1985. Skal fullvirðisréttur þessi að hámarki nema áætlaðri framleiðslu ásettra kúa og kvígna hjá viðkomandi aðila skv. forðagæsluskýrslu haustið 1985. Hver kýr reiknast 20 ærgildi og kvíga 12, en hver ærgildisafurð telst 174 l mjólkur. Þeim fullvirðisrétti sem ekki er nýttur skv. 1. mgr. þessarar greinar, skal úthlutað í samræmi við ákvæði 10. gr. reglugerðar þessarar. Afsal fullvirðisréttar með áðurgreindum hætti hefur engin áhrif á fullvirðisrétt viðkomandi mjólkurframleiðanda á verðlagsárinu 1986/87.

2. gr.

Á eftir 9. gr. komi ný grein, 9. gr. A, svohljóðandi:

Nú er keypt búmark í mjólk af búmarkshafa á ákveðnu svæði, sbr. rg. 370/1985, og er þá heimilt að færa allt að 20% þess til annarra búmarkssvæða og úthluta því með eftirfarandi hætti:

- a) til framleiðenda, sem hófu mjólkurframleiðslu til innleggs í afurðastöð 1. sept. 1985 eða síðar, sbr. 1. mgr. 9. gr.
- b) til framleiðenda, sem þurft hafa að auka mjólkurframleiðslu tímabundið vegna niðurskurðar sauðfjárhjarða sinna til útrýmingar riðuveiki eftir 1982.

Umsóknir um fullvirðisrétt skv. a- og b-lið skulu sendar viðkomandi búnaðarsambandi fyrir 30. apríl 1986. Samþykki búnaðarsambands fyrir því að umsækjanda verði veittur aukinn fullvirðisréttur og þá hve mikill að hámarki, skal sent Framleiðsluráði landbúnaðarins fyrir 10. maí 1986. Reynist fullvirðisréttur er kemur til ráðstöfunar skv. þessari grein minni en samanlagður fullvirðisréttur samþykktur af búnaðarsamböndum, er framleiðsluráði heimilt að takmarka hann þannig að heildarfullvirðisréttur nemi hjá öllum umsækjendum sama hlutfalli af því hámarki sem 1. mgr. 9. gr. segir til um. Framleiðsluráð tilkynnir framleiðanda um breytingu á fullvirðisrétti skv. þessari grein. Fer um gildi þeirra tilkynninga og úrlausn ágreinings, er rísa kann vegna ákvæða 9. gr. og 9. gr. A, eftir 2. mgr. 8. gr. Sá hluti keypts búmarks, sem ekki flyst til skv. staflíð a og b, skal fyrst ganga hlutfallslega upp í þann fullvirðisrétt, sem úthlutað hefur verið mjólkurframleiðendum á viðkomandi svæði, sbr. 5. gr. 2. tl. a í reglugerð nr. 37/1986 og er umfram þá 1 000 000 lítra mjólkur, sem þar eru tilteknir, en þar á eftir skv. 9. gr.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 10. apríl 1986.

Jón Helgason.

Guðmundur Sigþórsson.